

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 31. ágúst 2017 - R17080004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17010045	Málþing sambands íslenskra sveitarfélaga 5. sept. nk. um íbúasamráð og þátttöku íbúa	Sent borgarfulltrúum til kynningar
R17080018	Erindi Péturs Jósefatssonar, dags. 22. ágúst 2017, um ónæði vegna gullaldarinnar.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17080110	Erindi íslenskar málnefndar til neytendasamtakana. dags. 28. ágúst 2017, um auglýsingu H&M á lækjartorgi.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17050132	Áskorun foreldraþorpsins, dag.s 29.8.2017, um skólagögn án endurgjalds.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16100017	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. ágúst 2017, um fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga.	Sent borgarfulltrúum til kynningar og fjármálaskrifstofu til kynningar.
R17080133	Bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 28. ágúst 2017, um lóðarvilyrði í Varmadal.	Sent umhverfis- og skipulagssviði: skipulagsfulltrúa til umsagnar.

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]
Sent: 21. ágúst 2017 16:03
Subject: Málþing sveitarfélaga 5. sept. nk. um íbúasamráð og þátttöku íbúa

Ágæti viðtakandi

Þess er farið á leit að þessi kynningarpóstur um málþing sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku verði framsendur til ráðinna og kjörinna stjórnenda í sveitarfélaginu.

Með fyrirfram þökk og kveðju

Anna G. Björnsdóttir

Málþing sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku íbúa

- lykilþættir og reynsla -

5. september 2017 frá kl. 09:30-16:00

Grand hóteli Reykjavík, Sigtúni 38

Skráning á <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/ibualydraedi/skraning-ibualydraedi/>

Málþingið er haldið í samvinnu við Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins[1] og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Markmið þess er að miðla þekkingu og reynslu til sveitarfélaga um hvernig sé hægt að stunda markvisst og árangursríkt íbúasamráð og virkja íbúa til jákvæðrar þátttöku. Jafnframt eru væntingar um að málþingið geti orðið grundvöllur að því að til verði samráðsvettvangur sveitarfélaga um þessi málefni.

Á málþinginu verður kynnt ný handbók fyrir sveitarfélög um íbúasamráð og þátttöku íbúa. Fjallað verður um lykilþætti sem tengjast yfirskrift þingsins í þremur málstofum þar sem sveitarfélög munu kynna þróunarverkefni sín og skiptast á sjónarmiðum og reynslu í umræðum eftir kynningar. Eftir málstofurnar mun fulltrúi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins kynna Evrópuviku um lýðræði í sveitarfélögum en markmið hennar er að hvetja sveitarfélög til að skipuleggja íbúabátttökuvíðburði í október þegar sáttmáli Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélag, sem Ísland er aðili að, öðlaðist gildi. Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér verkefnið, sem á 10 ára afmæli í ár, og skoða möguleika á að skrá sig til þátttöku 2017. Á heimasíðu þess <http://www.congress-eldw.eu/en/> er hægt að velja íslenskan kynningartexta. Fulltrúi hins nýja samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis mun flytja lokaframsögu.

Kjörnir og ráðnir stjórnendur sveitarfélaga og starfsmenn, sem hafa umsjón með íbúasamráði eða eru áhugasamir um þau mál, eru hvattir til að taka þátt í málþinginu.

Dagskrá

09:30 Inngangur og kynning á handbók um íbúasamráð og þátttöku íbúa Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri

09:50 1. málstofa Hvernig virkjum við áhuga og þekkingu íbúa? Frummælendur:

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótaldshéraðs
Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar
Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir höfundur handbókar SASS um ungmennaráð sveitarfélaga
Umræður

11:30 2. málstofa Hverfislýðræði-reynsla og lærdómur

I. Hverfisnefndir

Frummælandi er Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði. Guðmundur Baldvin Guðmundsson bæjarfulltrúi á Akureyri, Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi og Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi munu einnig miðla af reynslu sinna sveitarfélaga í umræðum eftir kynningu Gísla.

12:10-12:40 Hádegisverður

II. Pátttaka íbúa hverfa í forgangsörðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda og viðhalds.

Frummælandi er Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi. Unnur Margrét Arnardóttir, verkefnastjóri „Betri Reykjavíkur“, og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar, munu einnig miðla af reynslu sinna sveitarfélaga í umræðum eftir kynningu Theódóru.

III. Pátttaka barna

Frummælendur eru Ævar Harðarsson, verkefnisstjóri hverfisskipulags hjá Reykjavíkuborg og Hafsteinn Karlsson skólastjóri Salaskóla, Kópavogi. Eftir kynningar þeirra verða umræður.

14:00 3. málsstofa Þjónustusamráð og að virkja íbúa til aðgerða í þágu samfélagsins

Frummælendur::

Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar
Próstur Sigurðsson deildarstjóri rafrænnar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar
Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings
Umræður

15:00 Kynning á lýðræðisviku Sveitarstjórnarpings Evrópuráðsins

15:30-16:00 Lokaframsaga fulltrúa sveitarstjórnarráðuneytisins.

Málþingsgjald kr. 7500. Innifalið í því er hádegisverður og kaffiveitingar

Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

From: Pétur Jósafatsson [mailto:petur@petursborg.eu]

Sent: 22. ágúst 2017 00:49

To: Upplýsingar - Pósthólf Símaver; Áslaug María Friðriksdóttir; dagur@dagur.is; Elsa Hrafnhildur Yeoman; Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir; Halldór Auðar Svansson; Halldór Halldórsson; Heiða Björg Hilmisdóttir; Hjálmar Sveinsson; Kjartan Magnússon; Líf Magneudóttir; Magnús Már Guðmundsson; Marta Guðjónsdóttir; Sigurður Björn Blöndal; Skúli Þór Helgason; Sveinbjörg B Sveinbjörnsdóttir

Afrit: abending@lrh.is

Subject: Óöld við Gullöldina

Kæru borgarfulltrúar.

Undirritaður býr við Hverafold í Grafarvogi. Í Hverafold 5 er rekinn skemmtistaðurinn Gullöldin og er skemmt frá því að segja að undirritaður sem og margir nágrennar mínir, eru svo vægt til orða tekið afar ósáttir við starfsemi skemmtistaðarins hér í næsta nágrenni við okkur.

Okkur er það raunar óskiljanlegt að slíkur vínveitingastaður skuli vera rekinn í miðju íbúðahverfi (ca. 50 til 70 metrar í næstu íbúðarhús), með opnunartíma og útiveitingar að því er virðist meira og minna allan sólarhringinn.

Frá Gullöldinni stafar oft afar mikil hávaði, s.s. hávæð tónlist, öskur og skríslæti langt fram eftir nóttu, bæði um helgar og á virkum dögum, svo okkur íbúum verður ekki svefnsamt. Síðastliðið föstudagskvöld bauð Gullöldin svo upp á rakettur og/eða sprengiregn, með tiheyrandi hávaða og djöfulgangi, en okkur íbúum til lítillar ánægju.

Einstaka sinnum hringjum við í lögregluna og biðjum hana að skakka leikinn, en það ber yfirleitt lítinn eða engan árangur. Skríslætin hefjast aftur um leið og lögreglan er farin, ef hún þá kemur nokkuð.

Einnig má nefna að sóðaskapur er í kringum Gullöldina, stundum breiður af glerbrotum og sígarettustubbum í kringum staðinn. Fyrir framan staðinn er m.a. gönguleið skólabarna á leið í Foldaskóla.

Við höfum í gegnum tíðina reynt að fá upplýsingar frá Reykjavíkurborg og Lögreglu, hvernig standi á því að það leyfi hafi fengist til að reka skemmtistað með vínveitingaleyfi og opnunartíma og útiveitingar allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, inni í miðju íbúðahverfi. Við höfum engin svör fengið, heldur vísa allir á einhvern annan.

Við íbúar hér við Hverafold eigum rétt á næturfrið eins og allir aðrir. Ég fer hér með fram á það við ykkur kæru borgarfulltrúar að þið beitið ykkur fyrir því að þessum ófögnuði, Gullöldinni verði lokað nú þegar.

Kveðja

Pétur Jósafatsson

Email: petur@petursborg.eu

Afrit sent á Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu

Neytendastofa,
b.t. Tryggva Axelssonar forstjóra,
Borgartúni 21,
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2017

Undanfarið hefur mátt lesa í fjölmiðlum og á netmiðlum athugasemdir um auglýsingu frá verslunardejuni H&M sem sett var upp á Lækjartorgi. Hún hefur nú verið fjarlægð og er það vel en verra er að hún var ekki fjarlægð fyrr en fjölmiðlar og almenningur höfðu gert athugasemdir sem fyrst og fremst sneru að því að auglýsingin var á ensku. Þrátt fyrir athugasemdir létu þeir sem að auglýsingunni stóðu sér ekki segjast og birtu flennistöra auglýsingu á ensku í Smáralind (sjá t.d. forsiðu Morgunblaðsins laugardaginn 26. ágúst). Auglýsing, sem ætluð er íslenskum almenningi, á að sjálfsögðu aldrei að vera á ensku. Um það er ákvæði í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 í II. kafla, 6. grein þar sem stendur:

Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.

Enga undanþágu var að finna í lögnum um þetta ákvæði. Auglýsingin á Lækjartorgi og einnig sú í Smáralind beindust að sjálfsögðu fyrst og fremst að Íslendingum. Ef auglýsing á einnig að ná til útlendinga á íslenska að vera í fyrirrúmi en enska eða annað mál fylgja á eftir.

Frá Reykjavíkurborg hefur komið sú skýring á leyfi til uppsetningar auglýsingarinnar frá H&M á Lækjartorgi að misskilningur milli tveggja skrifstofa hjá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar hafi valdið því að leyfið var gefið út. Það er engin afsökun og Neytendastofa hefði strax átt að snúa sér til borgaryfirvalda með formlega aðfinnslu og ósk um að auglýsingin yrði fjarlægð tafarlaust. Sama gildir um auglýsinguna í Smáralind.

Auglýsing H&M er ekki hin eina í borginni á ensku. Ekki þarf nema stutta göngu niður Laugaveg frá Hlemmi og á Lækjartorg til að sjá ensku blasa við hvarvetna. Sama er að segja um netmiðlana. Benda verður á að í gildi eru lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 þar sem stendur í 1. grein: „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Í 2. grein stendur: „Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs“ og í 5. grein: „Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð.“ Á heimasíðu Neytendastofu stendur:

Reykjavík, 29.08.2017

Til borgarráðs Reykjavíkurborgar

b.t. S. Björns Blöndal

ÁSKORUN TIL BORGARYFIRVALDA

Nú þegar hafa 41 sveitarfélag brugðist við áskorun Barnaheilla frá 2015 um að virða réttindi barna til gjaldfrjálsrar grunnskólamenntunar sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og útvegað skólabörnum skólagögn án endurgjalds.

Það skýtur skökku við að stærsta sveitarfélag landsins hafi ekki séð sér fært að gera slíkt hið sama.

Foreldraþorpið, sem er samráðsvettvangur foreldrafélaga grunnskólanna í Laugardal- Háaleiti og Bústaðahverfi, skorar á Reykjavíkurborg að tryggja að í næstu fjárhagsáætlun verði gerðar ráðstafanir til að tryggja skólabörnum í borginni skólagögn án endurgjalds.

Foreldraþorpið:

Foreldrafélag Breiðagerðisskóla,

Foreldrafélag Réttarholtsskóla,

Foreldrafélag Fossvogsskóla,

Foreldrafélag Háaleitisskóla,

Foreldrafélag Laugarnesskóla,

Foreldrafélag Laugalækjarskóla,

Foreldrafélag Vogaskóla,

Foreldrafélag Langholtsskóla.

Afrit sent: Skúla Helgasyni formanni skóla - og frístundaráðs og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til viðkomandi sveitarfélaga vegna
hjúkrunarheimila

Reykjavík 21. ágúst 2017

1611038SA KB
Málalýkill: 02.43

Efni: Fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga

Í febrúar 2016 var skipaður starfshópur á grundvelli yfirlýsingar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðherra til þess að vinna að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga sem myndast hafa í B-deildum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Þann 28. október 2016 náðist samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga sem myndast hafa vegna starfsemi hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga og eru í rekstri. Í janúar 2017 var samið við tvö sveitarfélög um uppgjör skuldbindinga en ágreiningur var um forsendur útreikninga.

Í lok júní sl. náðist eftirfarandi niðurstaða um forsendur uppgjors fyrir starfandi hjúkrunarheimili og hjúkrunarheimili sem hætt hafa starfssemi, og eru á ábyrgð sveitarfélaga:

1. Ríkið tekur yfir eða greiðir 97% af nettó áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila hjá B-deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Brúar lífeyrissjóðs eins og þær eru samkvæmt sérstöku tryggingafræðilegu uppgjöri 31. maí 2017. Í áður gerðu samkomulagi og undirrituðum samningum var miðað við stöðu lífeyrisskuldbindingar í árslok 2015.
2. Við mat á lífeyrisskuldbindingum skal taka mið af nýrri spá Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni þrátt fyrir að nýjar forsendur um lækkun dánartíðni hafi almennt ekki tekið gildi við mat skuldbindinga. Áætla má að þetta jafngildi um 6-8% hækkun lífeyrisskuldbindinga sem koma til uppgjors, breytilegt eftir samsetningu þess hóps sem í hlut á.
3. Við mat á lífeyrisskuldbindingum skal gert ráð fyrir 2% raunlaunabreytingu en almenn forsenda tryggingastærðfræðinga á mati á framtíðarskuldbindingum er að launahækkunar séu 1,5% umfram hækkun verðlags. Þetta jafngildir um 7% álagsþætti á skuldbindingar eins og þær eru metnar m.v. 31. maí 2017.
4. Við mat á uppgjöri á lífeyrisskuldbindingum verði tekið tillit til greiðslna á lífeyri, iðgjaldi, sérstakra iðgjalda, lífeyrishækkana, samtímagreiðslna og greiðslna ábyrgðaraðila til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem og ávöxtun eigna í ljósi breyttrar dagsetningar, þ.e. frá 31. desember 2015 til 31. maí 2017.



5. Uppgjör verði með tvennum hætti:
- a) Að því er varðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila í lífeyrissjóðum með bakábyrgð sveitarfélaga greiðir ríkissjóður upp 97% af uppreiknaðri skuldbindingu til hlutaðeigandi lífeyrissjóða. Á móti greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag upp 3% af hinnu uppreiknuðu skuldbindingu til hlutaðeigandi lífeyrissjóða. Með greiðslu ríkisins á grundvelli uppgjörsyfirlits er um fullnaðaruppgjör milli samningsaðila að ræða hvað lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila í lífeyrissjóðum sveitarfélaga varðar.
 - b) Að því er varðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila í lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkissjóðs tekur ríkissjóður yfir 97% af uppreiknaðri skuldbindingu hlutaðeigandi hjúkrunarheimilis. Á móti greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag upp 3% af uppreiknaðri skuldbindingu hjúkrunarheimili sveitarfélags hjá B-deild LSR og LH. Með greiðslu sveitarfélagsins á grundvelli uppgjörsyfirlits er um fullnaðaruppgjör milli samningsaðila að ræða hvað lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila í umræddum lífeyrissjóðum varðar.

Með hverju samkomulagi mun eftirfarandi bókun fylgja:

„Aðilar að bókun þessari eru sammála um að eftir 5 ár frá staðfestingu samkomulags þessa skuli fara fram sérstök greining á því hvort tryggingafræðilegar forsendur samkomulagsins hafi staðist. Við slíka greiningu skal byggt á þeirri forsendu að launaþróun hjá þeim stofnunum sem samkomulagið tekur til sé í takti við það sem almennt gerist.

Ef í ljós kemur að orðið hafi frávik frá þeim, skal meta áhrif þeirra í fjárhagslegu tilliti og gera ráðstafanir til að jafna þau áhrif sem af frávikunum leiða.

Slíkar ráðstafanir skulu taka til allra þeirra tvíhliða samkomulaga sem gerð eru milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila og fyllsta samræmis og gagnkvæmni gætt.“

Undirritaður telur að framangreind niðurstaða sé sanngjörn og almennt betri fyrir sveitarfélögin en undirritaðir samningar tveggja sveitarfélaga við ríkið kveða á um og hvetur viðkomandi „sveitarfélög/hjúkrunarheimili“ til að ganga að framangreindu uppgjöri.

Vinsamlegast hafið samband við framangreinda lífeyrissjóði og óskið eftir nýjum útreikningum á lífeyrisskuldbindingum sem taka mið af stöðu þeirra í 31. maí 2017. Fyrst þegar sú staða er ljós er hægt að ganga frá endanlegu uppgjöri og samkomulagi við ríkið. Gera verður ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög standi straum af þeim kostnaði sem hlýst af vinnu tryggingastærðfræðinga vegna þessa.

Mikilvægt er að hvert og eitt sveitarfélag tilkynni fjármála- og efnahagsráðuneytinu að það hyggist ganga frá samkomulagi á grundvelli framangreinds fyrir 30. september nk. og veiti framkvæmdastjóra þess formlegt umboð til að skrifa undir samkomulag þess efnis og sönnun þess þarf að fylgja tilkynningunni til ráðuneytisins. Tengiliður ráðuneytisins við sveitarfélögin vegna þessa uppgjörs er Viðar Helgason, sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta, vidar.helgason@fjr.is.

Þegar fyrir liggur mat á lífeyrisskuldbindingu hvers og eins sveitarfélags vegna þessa er gert ráð fyrir að viðkomandi lífeyrissjóður sendi þær upplýsingar til sveitarfélagsins og



fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem mun þá stilla upp samkomulagi og kalla á fulltrúa viðkomandi sveitarfélags til undirritunar og frágangs þess.

Ef frekari upplýsinga er þörf vegna þessa þá vinsamlegast hafið samband við viðkomandi lífeyrissjóð annars vegar og fjármála- og efnahagsráðuneytið hins vegar, eftir eðli þeirra upplýsinga sem nauðsynlegt er að afla.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 28. ágúst 2017
R17080133

Borgarráð

Varmadalur - lóðarvilyrði

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Kristbjörgu Elínu Kristmundsdóttir, kt. 150857-2799, Grettisgötu 31. 101 Reykjavík, vilyrði fyrir um 4,7 he. lóð í Varmadal undir um jógamiðstöð/jógasetur með fyrirvara um samþykki deiliskipulags.

Greinagerð: Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir og félagar hafi með erindi til borgarstjórnar óskað eftir að fá úthlutað. landsspildu í Varmadalsslandi, þar sem þau hafa í hyggju að byggja upp jógamiðstöð/jógasetur/ashram á næstu árum. Lóðarvilyrði verði markaður tími og er gert ráð fyrir að verð byggingarréttarins verði metið ef samþykki fæst fyrir afmörkun lóðarinnar í deiliskipulagi fyrir ofangreinda starfsemina.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Umsókn Kristbjargar Elínar Kristmundsdóttur um lóð í landi Varmadals í janúar 2017 ásamt teikningu.
Greinagerð með umsókn um land fyrir landi Jógamiðstöð í landi Varmadals.

Reykjavík, í janúarmánuði 2017

Ágæta borgarstjórn,

Ég undirrituð ásamt félögum mínum, óskum eftir því að fá úthlutað tæplega 5 ha. landsspildu í Varmadalssandi, 64°11'44N – 21°39'20W, þar sem við höfum í hyggju að byggja upp jógamiðstöð/jógasetur/ashram á næstu árum. Við teljum að sú starfsemi falli vel að núverandi aðalskipulagi, sem gerir ráð fyrir íþrótt- og útivistarsvæði. Þó að þessi umsókn sé hvorki komin frá þróttafélagi né trúfélagi, yrði starfið engu að síðu helgað lýðheilsu í þágu samfélagsins þar sem hugað er að heilbrigði á bæði sál og líkama. Nánari útlistun á starfseminni er í meðfylgjandi skjali, ásamt staðsetningu landskikans og uppdrætti að ráðgerðri uppbyggingu svæðisins.

Hugsun okkar er að koma jógamiðstöðinni á laggirnar innan Reykjavíkurborgar en þó í útjaðri hennar og er þetta svæði tilvalið vegna aðliggjandi náttúru. Okkur er ljóst að engir innviðir eru enn til staðar á þessu svæði og erum við alls ekki að óska eftir því að Reykjavíkurborg flýti skipulagningu svæðisins og hefji vegagerð eða lagningu vatnsveitu, skolkkerfis o.þ.h. Við myndum nýta þann vegaslóða sem nú er til staðar, koma upp vatnsbrunni og byggja rotþrær til að taka við frárennsli, þar til Reykjavíkurborg hefst handa við slíka uppbyggingu á svæðinu síðar meir.


Jógamiðstöðin verður ekki atvinnustarfsemi í ágóðaskyni, heldur er þetta hugsjónastarf sem rekið verður með sjálfbærni að leiðarljósi. Því mun miðstöðin verða byggð upp smám saman. Ef við fengjum úthlutað þessum landreit, myndum við samt strax hefjast handa við uppgræðslu landsins og byggingu kennsluhúsnæðis, í samráði við Reykjavíkurborg.

Jógamiðstöðvar að þessu tagi eru vel þekktar erlendis, en enga slíka er að finna hér á landi. Við teljum vel við hæfi að koma slíkri miðstöð á fót innan Reykjavíkurborgar. Auk þess að auðvelda aðgengi þeirra sem búa höfuðborgarsvæðinu, hefur Reykjavík á síðari árum fengið í síauknum mæli á sig orð heilsu og menningar. Því teljum við að uppbygging jógamiðstöðvar falli vel að þeirri stefnu borgarinnar að hvetja til aukinnar hreyfingar og heilbrigðis.

Virðingarfyllt

Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir

LÓÐ ca 4,7ha




SKJÓLBELTI
VATNSVERNDARSVÆÐI
GLJÚFURBAKKI
LEIRVOGSÁ

AÐKOMA - VEIÐI

FÓLKVANGUR
UPPRÆKTAÐ SVÆÐI

- 1.ÁFANGI
- 2.ÁFANGI
- 3.ÁFANGI
- LÓLDARMÖRK



Greinagerð með umsókn um land fyrir Jógamiðstöð í landi Varmadals.

Jógaástundun hefur aukist allverulega undanfarna áratugi hér á landi og er nú kominn þörf á að reisa alvöru jógamiðstöð að hefðbundnum jógískum sið, þar sem almenningur getur komið og dvalið til lengri eða skemmri tíma við jógaástundun, í frið og ró, úti í náttúrunni, burt frá dagsins önn.

Ashram

Í hefðbundinni jógamiðstöð, eða Ashrami eins og það kallast í jógaheiminum, er boðið upp á allt það sem flokkast undir hefðbundið jóga. Þar má nefna námskeið sem byggjast upp á fjölbreyttum jógatímum, öndun, hugleiðslu og jóga heimspeki. Nemendum er gefinn kostur á að fara inn á við og dvelja í þögn og einveru þar sem reglubundin hugleiðsla og mannrækt í ýmsum myndum er ástunduð. Grunn atriði í Ashrami eru: kærleikur, sannleiks leit og sjálfsefning. Í Ashrami er boðið upp á líkamlega og andlega næringu, umhyggju, samhygð, þekkingu og manngæsku. Þar er sjálfsuppbygging, virðing fyrir öllu fólki og náttúrunni sjálfri, móður okkar, í brennidepli.

Ashram eru aldrei rekin í gróðaskyni eða með fjárhagslegan hagnað einstaklinga í huga, heldur er markmiðið að búa til skjól og griðastað um stundarsakir fyrir alla þá sem leita að hvíld og endurnýjun eða þurfa að taka sér hlé frá streitu og álagi daglegs lífs gegn sanngjörnu gjaldi, nógu til að halda Ashraminu starfandi, viðhalda því og byggja upp það sem við á hverju sinni.

Í Ashraminu sem við undirrituð höfum hug á að reisa mun fara fram hefðbundin jóga kennsla eins og greint er hér að ofan, samhliða uppbyggingu og eflingu líkama og sálar. Þar mun einnig ræktun matjurta og sjálfbærni vera ofarlega á blaði, ásamt skógrækt og útiveru í náttúrunni.

Við sjáum uppbyggingu á svæðinu fara fram í nokkrum áföngum. Þar sem þetta er ekki gróðafyrirtæki heldur hugsjónastarf þá mun það taka nokkurn tíma að byggja upp Ashramið. Við munum byrja á að reisa aðal húsið sem er kennsluhúsnæðið, gistirými, eldhús og borðsalur allt í einni byggingu. Strax þar á eftir yrði byggt húsnæði fyrir staðarhaldara, móttöku og starfsmannahús.

Uppbyggingin:

Þarfagreining áfangi I:

Kennsluhúsnæði minnst 200 m², tveir til þrír salir.

Gistirými fyrir 20 manns 150 m².

Eldhús og borðsalur 150 m².

Staðarhaldarabústaður og gestamóttaka 120 m².

Starfsmanna hús I 140 m² (bráðabirgða skrifstofur og móttaka hér)

Þarfagreining áfangi II:

Hugleiðsluhús (eða framlenging á kennsluhúsnæði) 150 m²

Stækkun gistirýmis (viðbót við hús eða litlir einsetukofar)

Starfsmanna hús II 120 m².

Gestakennarahús I 80 m².

Meðferðarhús 80 m².

Barfagreining áfangi III:

Móttaka, skrifstofur, fundarsalur 100 m².

Gróðurhús

Véla og verkfærageymslur

Gestakennarahús II 80 m².

Barfagreining áfangi IV:

Ayurveda heilsumiðstöð

Fyrirhugað er að skapa fallegt umhverfi fyrir Íslendinga til að endurnýjast og endurnærast í, með jóga ástundun, heilbrygðu mataræði, góðri hvíld og fræðslu.

Jógamiðstöð þessi yrði byggð af fólki sem hefur sterka löngun til að þjónusta samferðafólk sitt í gegnum jógakennslu. Nokkra daga dvöl í jógamiðstöðinni hjálpar fólki að safna kröftum, styrkja líkamann, öðlast líkamlegt og andlegt jafnvægi og innri frið. Þannig sjáum við að jógamiðstöð hefur uppbyggjandi og eflandi áhrif á samfélagið í heild sinni. Kærleikur og umhyggja fyrir velferð jóganemanna verður í fyrirrúmi.

Við sem stöndum að þessari jógamiðstöð erum öll áhugamenn um að skapa umhverfi þar sem við getum látið þekkingu okkar og krafta í té til þeirra sem vilja efla sig og styrkja líkamlega og andlega. Jógamiðstöðin er ekki hugsuð sem ábatatækifæri, heldur tækifæri fyrir okkur að hlú að lífinu og leggja okkar að mörkum til eflingar lífsins. Að sjálfsögðu mun rekstur jógamiðstöðvarinnar miða að því að verða sjálfbær fjárhagslega en hún er ekki rekin í gróðavon fyrir neitt okkar persónulega.

Við erum hópur af einstaklingum sem byrjuðu sem nemendur Kristbjargar eða jógavinir hennar og stundað jóga saman um margra ára bil. Vegna ástar okkar á jóga og því sem jóga hefur gefið okkur viljum við gefa áfram til samfélagsins á þennan fallega máta.

Við sækjum um til borgarinnar um ákveðna landspildu sem sjá má hér í meðfylgjandi gögnum, þar sem við heitum því að rækta skóg og græða upp landið sem liggur að þessari spildu ef borgin kærir sig um. Þetta er um 70 manns þegar upp er staðið en kjarni hópsins og rekstraraðilar eru þeir sem hér eru listaðir undir.

Við förum þess á leit við borgina að fá úthlutað þessu landi undir starfsemina, og sækjum um leyfi til að hefjast handa um að byggja upp fyrsta áfangann árið árla 2017.

Staðsetning húsa á meðfylgjandi teikningu gæti færst aðeins til með samþykki borgar.

Við erum tilbúin til að sjáum um að útbúa vatnsból, um flutning rafmagns og frárennsli í rotprær til að byrja með. Við getum einnig séð um viðhald vegar til

Ashramsins í gegnum Esjumela. Síðar tæki borgin yfir þegar hún situr þetta svæði í skipulag.

Við erum mjög til í viðræður um allar hugmyndir varðandi aðveitur fyrir Ashramið.

Verndarsvæði:

Verndarsvæði árinna og fólkvangur 20 metrar frá ánni að okkar landi. Við viljum gjarnan sjá um að planta og græða upp svæðið í kringum jógamíðstöðina. Landið er allt sundurgrafið vegna malartöku og láðist verktökum að slétta út hrauka og laga landið hér á stóru svæði í Varmadalnum eftir tókuna. Við viljum gjarnan sjá um að fylla upp í gryfju sunnan megin við land Ashramsins og gera þar fallegan fólkvang. Við munum leggja okkar af mörkum til að laga og græða upp landið á þessu svæði í samvinnu við borgina.

Aðkoma veiðimanna við ána verður ætíð greið sunnanmegin við landið.

Við undirrituð:

Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir

ábyrgðarmaður verkefnis, er einn lengst starfandi jógakennari á Íslandi, hefur kennt jóga í yfir 30 ár. Hún rekur nú Jóga og blómadropaskóla Kristbjargar og starfar einnig sem kennari í Heilsumeistaraskóla Íslands. Hún er með námskeið í jógaheimspeki og hugleiðslu í Endurmenntun Háskóla Íslands.

Fyrri störf: Kristbjörg hóf lífræna ræktun í Vallanesi 1979 og stofnaði hún þar fyrirtækið Móður Jörð í kringum sölu á lífrænum afurðum frá búinu. Hún rak fyrirtækið í um 21 ár ásamt þáverandi eiginmanni sem rekur það enn þann dag í dag.

Einar Ísleifsson, Bergsteinn Ísleifsson, Arnhildur Guðmundsdóttir, Ragnhildur Eiríksdóttir, Þorgrímur Þráinsson, Áslaug Höskuldsdóttir, Nanna Ævarsdóttir, Birna Björnsdóttir, María Ýr Valsdóttir, Arnar Þór Guðmundsson, María Ellingsen.....